

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Fossvogsblettur 2-2A - Ævintýraborgir.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 12. október 2023, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Fossvogsblett 2-2A. Í tillögunni felst að skilgreind er ný lóð og byggingarreitur fyrir leikskóla, auk þess að skilgreindur er tímabundinn byggingarreitur fyrir leikskóla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fossvogsdalur, stígar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. september 2023, breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsdal, stíga. Í breytingunni felst breyting á afmörkun deiliskipulags. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturvallareitur - Sólvallagata 66 og 68.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. september 2023, breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vegna lóðanna nr. 66 og 68 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að hækka þak hússins ásamt því að koma fyrir fimm kvistum á norðurhlíð þaksins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Esjumelar - Gullslétta 1C og 1D.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. september 2023, breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðanna nr. 1C og 1D við Gullsléttu. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar og verða lóð 1C, byggingarreitir lóðanna eru sameinaðir, innkeyrslur á sameinaða lóð verða tvær frá Gullsléttu og færast til frá því sem nú er, annars vegar sunnarlega við Gullsléttu og hins vegar norðan við miðja lóð, auk þess fellur niður kvöð um lagnir þvert yfir lóðina. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skarfagarðar 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. janúar 2024, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skarfabakka, Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 4 við Skarfabakka. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og afmörkun nýrrar lóðar fyrir spennistöð. Byggingarreitir suðaustan við núverandi byggingu eru sameinaðir í einn byggingarreit en byggingarreitur norðvestan við núverandi byggingu er aðlagður núverandi byggingu ásamt því að byggingarreitur stækkar, en byggingarmagn á lóð helst óbreytt, auk þess er bætt við byggingarreit fyrir hjólageymslu og hjólastæðum komið fyrir við inngang. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 1. febrúar 2024.

Björn Axelsson.